

## **Málþing þjónandi forystu í Keflavík 22. febrúar 2009.**

### *Hópur 2.*

Hugsanlegt er að auka þurfi hlut kvenna til forystu. Nú er lag og konur þurfa að vera viðbúnar að taka forystuna. Það er kallað eftir nýju verklagi og hugsanlega búa konur yfir ákveðnum eiginleikum til forystu sem fram að þessu hefur ekki hlotið brautargengi. Hörkuleg stjórnunaraðferð er fallin.

Ekkert er sjálfgefið í þeim efnum og það er ljóst að hluti af nýju verklagi er fólgιð í viljanum til að læra af öðrum. Við þurfum að kenna hvert öðru að vera þjónandi leiðtoga.

Við þurfum að velta því fyrir okkur hvernig hægt er að stjórna þannig að allir vaxi. Dæmi um slíkan stjórnanda var nefnt úr atvinnulífinu, dæmi um konu sem hafði nokkur augljós einkenni þjónandi leiðtoga: Hún var fundvís á það jákvæða í fólkini; hún var næm á styrkleika hvers og eins og tók alltaf með jákvæðum hætti á góðum málum og erfiðum málum. Umfram allt bjó hún yfir góðri sjálfsprekkingu, hún vissi hver hún var.

Hvernig náum við því marki? Mikilvægt er að byrja á sjálfum sér. Að veita þjónustu í aðstæðum okkar. Að taka gagnrýni. Kerfin eru lifandi í sjálfu sér. Fólkið skapar kerfin og við þurfum að opna sambandið milli fólksins og forystunnar. Við þurfum að vita hvernig við höfum áhrif á fólkið, mótandi áhrif. Þetta helst í hendur við hver eiginleg staða okkar er í kerfinu. Hvort sem við erum stjórnendur eða ekki, þá höfum við áhrif á kerfið og hópinn.

Hópurinn velti því líka fyrir sér hvort við þurfum að breyta því hvernig við umgöngumst drengi og stúlkur. En í stað þess að breyta stúlkum og móta þær líkt og drengi, þá þarf kannski að UNDIRSTRIKA gildi og leikreglur drengja og stúlkna, og auðkenna mismun þeirra.

Ef leikir stúlkna auðkennast frekar af nánari tengslum, nákvæmni, hógværð eða hlédrægni, þá skyldi ekki kasta rýrð á þau gildi, heldur þvert á móti undirstrika hvað vinnst með þeim eiginleikum og hvernig hægt er að nýta þá. Kannski er kominn tími til að við skiljum að margt hefur verið sagt um konur í gegnum tíðina, sem er ekkert annað en della.

Konur þurfa því ekki síður að vera opnar fyrir leyndarmáli þjónandi forystu, tilbúnar að efla eiginleika sína, taka forystuna og leyfa sjálfum sér að skína. Fátt hefur jafn afgerandi áhrif á annað fólk eins og gneistinn innra með leiðtoganum.